

Stjórnarfundur í FUM var haldinn mánudaginn 12. desember kl. 16:00 í fundarherbergi Félagsvísindadeildar í Odda.

1. Ráðstefnan 19. nóv, hvernig tókst til? Líta yfir framkvæmdina og stöðu fjármála.
2. Starf félagsins á nýju ári.
3. Tímaritið: Fjárhagsstaða, útkomuáætlun, útgáfuteiti, póstsending etc.
4. Önnur mál.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Ragnar F. Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir og Kristjana Stella Blöndal, sem ritaði fundargerð. Jóhanna Rósa Arnardóttir boðaði forföll.

Dagskrá fundarins var ráðstefnan 19. nóv., starf félagsins á nýju ári og tímarit FUM en mest var rætt um það síðastnefnda.

### 1. Tímarit FUM

*Útkomuáætlun.* Ragnar gerir ráð fyrir að tímaritið verði tilbúið til prentunar í kringum áramót.. Ragnar ætlar að hafa samband við prentsmiðjuna aftur til að fá nákvæma kostnaðar- og tímaáætlun. Hann ætlar að prentunarkostnaður verði í kringum 300-350 þús. Miðað er við að prenta 500 eintök. Fyrir utan prentun verður prentsmiðjan beðin um að plasta 400 af 500 eintökum ritsins og senda þeim félagsmönnum ritið sem greitt hafa félagsgjaldið, sem eru um 200 Í áætlun prentsmiðju þarf því að koma fram prentkostnaður, þökkunar- og sendingarkostnaður. Hafþóri og Rósu er falið að útbúa skrá fyrir prentsmiðjuna með nöfnum og heimilisfangi þeirra félagsmanna sem fá eiga tímaritið sent. Rætt var um yfirllestur greinanna en Ragnar gerir ráð fyrir að ritið verði prófarkarlesið af fagmönnum. Auk þess les ritstjórn yfir prófarkir og þær verða líka sendar höfundum sem geta þá haft samband ef eitthvað er.

*Breytingar á skilafresti greina í tímaritið.* Fram kom að í raun væri of knappt fyrir útgáfufærlid að greinahöfundar hefðu skilafrest til 1. september. Því var ákveðið að færa þann tíma fram um 2 mánuði, þ.e. að miðað yrði við skil á greinum 1. júlí ár hvert. Þessi breyting þarf að koma fram á innsíðu kápu nýja heftisins.

*Útgáfuteiti.* Rætt var um útgáfuteiti sem haldið verður um leið og tímaritið kemur út. Er gert ráð fyrir að bjóða stjórn FUM, ritstjórn og höfundum. Jafnframt kom sú hugmynd fram að bjóða einhverjum fjölmiðlum en ákvörðun um boðsgesti var síðan sett í hendur Ragnars. Lagt var til að boðið yrði annað hvort haldið í Bolholti eða á Námsmatsstofnun.

*Fjármögnun tímaritsins og dreifingarmál.* Rætt var um fjármögnun Tímaritsins, t.d. með því að leita til annarra banka en KB-banka sem ekki styrkti að þess sinni. Ragnari var falið að huga að sölumálum. Einnig var komið inn á söluleiðir eins og að ná til nema í framhaldsnámi HÍ og KHÍ en þeirri umræðu var frestað til næsta fundar. Guðný minntist á að kanna þyrfti hvort síðasta FUM rit sé komið á helstu bókasöfnin. Guðný ætlar að kanna hvernig styrkir til ráðstefnunnar frá menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg berast til félagsins.

*Laun ritstjóra.* Rætt var um laun til ritstjóra og kom fram að talað hafi verið um mánaðarlaun, einnig var umræða um þóknun sem væri lægri. Stungið var upp á að Ragnar fengi prósentur af sölu ritsins og einnig af styrkjum sem hann aflaði en ákveðið var að stjórnin myndi ræða þetta betur og gera Ragnari tilboð.

### FUM-ráðstefnan 19. nóvember

Fundarmenn voru almennt mjög ánægðir með ráðstefnuna. Talað var um áhugaverð og vönduð erindi og góðan flutning. Þó kom fram að ráðstefnugestir hefðu mátt vera fleiri. Í því samhengi kom fram tillaga að breyttri tímasetningu ráðstefnunnar, í ljósi þess að þrjár ráðstefnur á sviðinu voru á sama misseri.

*Tillaga að breytingu á tímasetningu FUM ráðstefnunnar.* Stjórnarmenn voru sammála um að

tímasetning ráðstefnunnar væri erfið (í lok nóvember) vegna þess að aðrar stórar ráðstefnur á þessu sviði eru þá tiltölulega nýbúnar, þ.e. ráðstefnur KHÍ og Félagsvísindadeildar. Því var ákveðið að leggja það til á næsta aðalfundi að færa ráðstefnuna yfir á vormisseri, t.d. að halda hana í mars. Þetta þótti líka heppilegt í ljósi þess að skil á greinum í FUM ritið verða 1. júlí.

#### Starf félagsins á nýju ári

Guðný lagði til að við myndum halda umræðufundi á vorönn 2006 en á haustönn verði haldin námskeið. Guðný benti á að á ráðstefnunni hefðu komið fram umræður þvert á rannsóknir og fræði þar sem ólík sjónarhorn komu fram á sömu málefni. Ákveðið var að stjórnin myndi leggja höfuðið í bleyti varðandi áhugaverð efni á umræðufundunum og ákveða fundina á nýju ári.

Fundi var slitið kl. 18.